

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamál í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru hátt í 400 en starfsmenn allir kringum 600. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 15. TBL.

23. NÓVEMBER 2007

Starfsmannabreytingar á Skólaskrifstofu

Tveir nýir starfsmenn eru komnir til starfa á Skólaskrifstofunni. Það eru Eiríkur Þorvarðarson, sálfræðingur og Helgi Gíslason, sérkennari. Þeir hófu störf um miðjan nóvember.

Eiríkur mun hafa umsjón með sálfræðiþjónustu í grunnskólum auk þess að sinna sálfræðiþjónustu við nemendur í Hraunvallaskóla og eitthvað meira í leikskólum sömuleiðis. Hann mun einnig sinna öðrum sérfræðiverkefnum sem sálfræðingur eftir því sem þau koma inn á borð Skólaskrifstofu, s.s. verkefninu *Hugur og heilsa*, málum nemenda sem snúa að barnavernd og fleira þessu tengt.

Helgi Gíslason er ráðinn sérkennsluráðgjafi á Skóla-

skrifstofu. Hann mun hafa umsjón með málefnum sérkennslu, sérdeilda og nýbúafræðslu. Helgi sinnir þar líka ráðgjöf til skóla og foreldra og er jafnframt tengiliður foreldra um málefni sérkennslu á Skóla-

skrifstofu.

Eiríkur og Helgi eru boðnir velkomnir til starfa.

Séð frá vinstri: Eiríkur og Helgi.



Forystuskólaverkefni á fullu skriði

Forystuskólar í Hafnarfirði er einn þáttur í skólastarfi í bænum sem kom í framhaldi af skólastefnu Hafnarfjarðar. Sjö skólar eru nú forystuskólar, fjórir leikskólar og þrjár grunnskólar. Verkefni grunnskólanna eru:

Engidalsskóli:

Umhverfismennt og náttúrufræðinám. Verkefnisstjóri er Sólveig Baldursdóttir.

Hvaleyrarskóli:

Markviss málörvun. Verkefnisstjóri er Hafdís Sigmarsdóttir.

Setbergsskóli: Læsi



Skólaþróun

er stöðugt að gerast. Þannig hafa námskrár verið endurskoðaðar, nýjar kennsluáðferðir verið teknar upp, fjölbreytni í skólastarfinu verið aukið og ný viðfangsefni verið tekin á dagskrá.

Jafnframt hefur mikil endurmenntun og þjálfun átt sér stað, bæði til að viðhalda því sem þegar er komið til nýrra starfsmanna og bæta þekkingu á því sem fyrir er til í skólanum. Verkefnisstjórar forystuskóla hafa samráðsvettvang með Skólaskrifstofu og er myndin frá síðasta samráðsfundi.



Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Á morgun opnar jólaþorpið á Thorsplani kl. 12. Það er gott tilefni til að bregða sér niður í miðbæ, skoða jólaþorpið. Börn í leikskólum Hafnarfjarðar hafa skreytt jólaþorpið.

» Setbergsskóli bættist í vikunni í hóp stofnana í bænum sem skrifuðu undir árangursstjórnunarsamning hjá bænum og eru þeir sjötti grunnskólinn sem það gerir. Langflestar þær stofnanir bæjarins sem hafa skrifað undir árangursstjórnunarsamning eru á fræðslu-sviði.

» Út eru komnar kennsluleiðbeiningar með bókinni **Stærð-fræði 9+** sem er önnur bók in í bókaseríunni Átta-tíu+. Í leiðbeiningunum er umfjöllun um innihald og notkun bókarinnar, leiðbeiningar með einstökum blaðsíðum og lausnir.



Frá undirritun samnings um árangursstjórnun í Setbergsskóla. Frá vinstri Hálfdan Þorsteinsson, Sif Stefánsdóttir, Hrönn Bergþórsdóttir, Magnús Baldursson, Guðríður Óskarsdóttir og Lúdvík Geirsson.




Nemendur í 1.-3 bekk Setbergsskóla í síðustu viku hlýða á rithöfundana Gerði Kristnýju og Þórarin Eldjárn lesa fyrir sig á degi íslenskrar tungu og kynna verk sín.

Bráðgerðir og hæfileikaríkir nemendur

Það er ekki mikil umræða enn sem komið er um bráðgera (gifted) og hæfileikaríka (talented) nemendur í skólastarfi á Íslandi en aðeins hefur verið minnst á áður í þessum dálki. Þannig er á margan hátt óljóst hverjir þeir nemendur eru, hvaða viðmið eru að baki slíkum skilgreiningum og hvernig þörfum þeirra verði sérstaklega mætt í skólastarfi.

Fræðslurit vikunnar er nýleg samantekt og úttekt á málefnum bráðgerra og hæfileikaríkra nemenda. Í efninu er fjallað um skilgreiningar á bráðgerðum og hæfileikaríkum nemendum, sérstökum þörfum þeirra,



ingar á bráðgerðum og hæfileikaríkum nemendum, sérstökum þörfum þeirra,

VEFSLÓÐ: [http://demo.openrepository.com/gtcm/bitstream/2428/9865/1/Gifted+and+talented+children+in+\(and+out\)+of+the+classroom.pdf](http://demo.openrepository.com/gtcm/bitstream/2428/9865/1/Gifted+and+talented+children+in+(and+out)+of+the+classroom.pdf)

Fræðiefnið

heppileg námsumhverfi og kennsluviðfangsefni, félagsleg og tilfinningaleg viðfangsefni og vanda þeirra í skólastarfi og persónulegu lífi.

Jafnframt er í skýrslunni úttekt á því hvað einstök lönd gera í málefnum slíkra nemenda.

Í litlu samfélagi eins og Íslandi verður umræða sein í gang og gerist líklega hægt. Hvernig á íslenska skólakerfið að bregðast við þessu viðfangsefni?

Vefhornið

Það tekur mislangan tíma og ræðst af álagi á Rögggu, lengd texta og bandvídd frá tölvunni sem unnið er í hverju sinni.

Þessi þjónusta er mikil framför fyrir þá sem eiga erfitt með lestur og hlýtur að gefa meiri möguleika í skólastarfi en áður. Þjónustan hefur þó þá takmörkun að textinn verður að vera veftækur til að hægt sé að lesa hann upp.

Námskeið í næstu viku

mánudagur 26. nóv.

- Námskeið 301: **Grunnatriði í myndvinnslu** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð tölvustofa. (Síðasti tími.) A-hópur.

Þriðjudagur 27. nóv.

- Námskeið 301: **Grunnatriði í myndvinnslu** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð tölvustofa. (Síðasti tími.) - B hópur

NÁMSKEIÐAHALDI ER LOKIÐ Á HAUSTMISSERI.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn 30. nóvember 2007

Upplestur á veftexta á íslenska í tölvum

Fyrir stuttu var kynnt vefvélín Ragga eða Vefpulan. Það er vefþjónusta sem er tengd og aðlöguð vafra í hverri tölvu sem gerir kleift að hlusta á upplestur á hvaða íslenska texta sem er á vefsíðu sem html-texti.

Aðferðin er svona:

1. Farið er á neðangreinda vefslóð í gegnum vafra.
2. Leiðbeiningum þar er fylgt til að tengja þjón-



ustuna við vafrann.

3. Fundinn er texti á vefnum sem hlusta skal á og hann skyggður.
4. Smellt á vefþjónustuhnapp Rögggu á vafranum.
5. Beðið eftir að textanum sé breytt í hljóðskrá og hlustað á hann.

VEFSLÓÐ: www.hexia.net/upplestur